

Mánudaginn 15. júní 1992.

Nr. 265/1991. Þórir hf.

gegn

Landsbanka Íslands,  
Byggðastofnun,  
Sandfelli hf.,  
Olúfélaginu hf.,  
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum,  
Skagstrendingi hf.,  
Hátækni hf.,  
Stálsmiðjunni hf.,  
Lind hf. og  
Vestmannaeyjahöfn.

Frestur. Frávísun frá Hæstarétti.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1991. Áfrýjað er öðru og síðara nauðungaruppboði á v/s Þóri Jóhannessyni, GK-116, sem fram fór 13. júní 1991. Málið var þingfest í Hæstarétti 2. október 1991, og fékk áfrýjandi þá frest til febrúar 1992. Málinu var síðan að hans ósk frestað fram í apríl og þá til 1. júní 1992. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti til reglulegs þingdags í október 1992 til framlagningar á dómssgerðum, ágripi og greinargerð.

Af hálfu stefnda Landsbanka Íslands hefur frestbeiðninni verið mótmælt og þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Af hálfu annarra stefndu var dómþingið ekki sótt.

Af hálfu stefnda Landsbanka Íslands er því haldið fram, að áfrýjandi hafi þegar fengið nægan frest, tvöfaldan þann tíma, sem lög ætla til ágripsgerðar.

Í greinargerð lögmanns áfrýjanda er því haldið fram, að hann hafi farið þess munnlega á leit við uppboðshaldara, skömmu eftir að áfrýjunarstefnan var gefin út, að fá afhentar dómssgerðir í málinu. Hafi hann ítrekað þá beiðni nú í byrjun sumars.

Lagt hefur verið fram vottorð Kristjáns Torfasonar, bæjarfógeta

í Vestmannaeyjum, 1. júní 1992, þar sem fram kemur, að áfrýjandi hafi fyrst óskað eftir dómsgerðum í málinu í maí sl. og ítrekað þá ósk 22. sama mánaðar.

Hinn 1. júní sl. voru liðnir rúmir 11 mánuðir, frá því að áfrýjunarstefna í máli þessu var gefin út. Áfrýjandi hefur ekki fært fram rök fyrir því, að frestir þeir, sem hann hefur þegar haft, hafi ekki verið nægilegir til að afla dómsgerða og gera ágríp þeirra. Ber því að synja frestbeiðni hans og vísa málinu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

---